

ÍS 47 ehf.
Fagraholti 3
400 Ísafjörður

Reykjavík, 21. október 2019
UST201906-035/F.T.
08.12.02

Efni: Samþykkt úrbótaáætlun

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 7. júní sl. þar sem áformað var að áminna ÍS 47 ehf. vegna frávika sem skráð voru í eftirliti þann 21. desember 2018. Þann 4. október sl. barst úrbótaáætlun rekstraraðila.

Frávikin eru eftirfarandi:

- 1. Gr. 1.6 í starfsleyfi.** Áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar skal vera til staðar og fjalla skal þar annars vegar um tímabundna rekstrarstöðvun og hins vegar um varanlega rekstrarstöðvun. Áætlun vegna ótímabundinnar og tímabundinnar rekstrarstöðvunar hafði ekki borist stofnuninni. **Rekstraraðili hefur sent stofnuninni framangreind gögn. Stofnunin óskar þó eftir því að fá sendan samning eða yfirlýsingu frá móttökuaðila dauðfisks, kæmi til massadauða, þess efnis að móttökuaðili gæti tekið við úrganginum til endurnýtingu eða urðunar.**
- 2. Gr. 3.1 í starfsleyfi.** Rekstraraðila ber að halda skráningar sbr. gr. 3.1 og skulu þær vera aðgengilegar eftirlitsaðila. Skráningar vantaði vegna magns og gerð hreinsiefna, sóttahreinsiefna, lyfja og þjálfun og reynslu starfsfólks. **Skv. úrbótaáætlun rekstraraðila munu skráningar hreinsiefna, sóttahreinsiefna, lyfja og þjálfun og reynslu starfsfólks hefjast um næstu mánaðarmót, 1 nóvember 2019. Umhverfisstofnun fellst á framangreint og mun taka skráningar út í næsta eftirliti.**
- 3. Gr. 3.2 í starfsleyfi.** Rekstraraðili skal senda eftirlitsaðila ársyfirlit fyrir 1. maí ár hvert. Ársyfirlit ársins 2017 barst 8. júní 2018 og uppfyllir ekki þær kröfur sem eru gerðar, sbr. 3. og 5. kafla starfsleyfis. Nánari útlistun er undir umfang eftirlits. **Skv. úrbótaáætlun rekstraraðila er verið að vinna að endurskoðun skýrslu. Umhverfisstofnun óskar þess að fá afrit af skýrslunni þegar endurskoðun er lokið.**
- 4. Gr. 4.1 í starfsleyfi.** Rekstraraðili skal setja sér umhverfismarkmið og starfa samkvæmt þeim. Umhverfismarkmiðin skal endurskoða á a.m.k. fjögurra ára fresti. Endurskoðuð umhverfismarkmið lágu ekki fyrir. **Rekstraraðili hefur sent stofnuninni umhverfismarkmið. Stofnunin fellst á gögnin en bendir rekstraraðila á að taka til skoðunar að hafa mælanleg umhverfismarkmið.**
- 5. Gr. 4.4 í starfsleyfi.** Rekstraraðili skal vera með viðbragðsáætlun sem unnin er á grundvelli áhættumats. Viðunandi viðbragðsáætlun skal fullnægja skilyrðum í lögum 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda og vera aðgengileg fyrir eftirlitsaðila. Ábending var gerð í eftirliti ársins 2017 að uppfæra þyrfti

viðbragðsáætlun. Uppfærð áætlun, byggð á áhættumati hafði ekki borist stofnuninni. **Rekstraraðili hefur nú sent stofnuninni framangreind gögn sem stofnunin fellst á en bendir á að verið getur að uppfæra þurfi viðbragðsáætlun með hliðsjón af leiðbeiningum sem afhentar verða í næsta eftirliti.**

6. **Gr. 4.5 í starfsleyfi.** Neyðaráætlun vegna óvæntrar stöðvunar á rekstri eldisstöðvarinnar skal vera tiltæk og endurskoðuð reglulega. Ábending var gerð í eftirliti árs 2017 um að uppfæra þyrfti neyðaráætlun ásamt því að samningur þyrfti að liggja fyrir um förgun dauðfisks. Uppfærð áætlun hafði ekki borist stofnuninni. **Rekstraraðili hefur sent stofnuninni framangreind gögn. Stofnunin óskar þó eftir því að fá sendan samning eða yfirlýsingu frá móttökuaðila dauðfisks, kæmi til massadauða, þess efnis að móttökuaðili gæti tekið við úrganginum til endurnýtingu eða urðunar.**
7. **Gr. 4.8 í starfsleyfi.** Rekstraraðili skal vera tryggður vegna bráðamengunar hafs og stranda. Rekstraraðili hefur ekki framvísað gildu tryggingarskírteini vegna tryggingar vegna bráðamengunar. **Rekstraraðili hefur nú sent stofnuninni tryggingarskírteini vegna bráðamengunar hafs og stranda. Gildistími þess var einungis fram að síðastliðnum áramótum. Stofnunin óskar þess að fá að sjá afrit af uppfærðu skírteini í næsta eftirliti.**
8. **Gr. 5.1 í starfsleyfi.** Rekstraraðili skal vakta helstu umhverfisþætti í nágrenni kvía skv. samþykktri vöktunaráætlun. Ekki er unnið eftir samþykktri vöktunaráætlun. Sjá nánari útlistun undir umfangi eftirlits. **Skv. upplýsingum frá rekstraraðila verður nú unnið eftir samþykktri vöktunaráætlun og verða sýni tekin í nóvember 2019. Stofnunin óskar eftir niðurstöðu sýnatökunnar þegar hún liggur fyrir.**


Umhverfisstofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna frávíkanna verða teknar út í næsta eftirliti.

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.


Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgnina verður innheimt samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015, með síðari breytingum. Gjaldið er **79.200 kr.**

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllt



Skúli Þórðarson
Sviðsstjóri



Frigg Thorlacius
Frigg Thorlacius
Lögfræðingur

Afrit: Heilbrigðisnefnd Vestfjarða